

✉ Sveitarstjórn - 375 2312002 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 20232024

Búið til	18.12.2023 07:48:13
Höfundur	Sigurbjörg Óladóttir
Móttekið dags.	15.12.2023 15:30:35
Tilheyrir	📁 MAR23110194 - Húnaþing vestra - Hvammstangi - Úthlutun byggðakvóta 2023/2024

Efni

Sveitarstjórn - 375 2312002 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 20232024

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	15.12.2023 15:30:35	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	05.04.03 Byggðakvóti		
Lykilord			

Þáttakendur

Frá	Unnar Valborg Hilmarsdóttir (unnur@hunathing.is)
Til	mar@mar.is

Innihald

Góðan dag

Á 375. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra var úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2023-2024 tekin til umfjöllunar. Svohljóðandi var bókað undir 3. dagskrálið:

2312002 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2023-2024

Fyrir liggur tilkynning matvælaráðuneytis um úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra á fiskveiðíárinu 2023/2024. Er sveitarfélaginu gefinn frestur til 29. desember 2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur vegna úthlutunar kvótans.

Lögð fram eftifarandi tillaga:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftifarandi reglur um úthlutun 130 þorskígildistonna byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2023/2024:

Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gilda um úthlutun byggðakvóta Húnaþings vestra með eftifarandi viðauka/breytingum:

I. 1. málsl. 1. málsg. 4. gr:

a. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 851/2022 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 1370/2022, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023. Við skiptingu þessa 50% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildistuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðíárið 2022/2023.

b. 50% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 852/2023, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2023/2024. Skiptingunni verður hátt að með þeim hætti að hvert fiskiskip sem uppfyllir framangreind ákvæði hlýtur að lágmarki 10 tonn og eftirstöðvum úthlutað miðað við meðaltal landaðs

botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn fiskveiðíárið 2022/2023.

c. Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.

Rökstuðningur er sá að af þeim bátum sem gera út frá Hvammstanga er aðeins hluti þeirra sem varð fyrir áhrifum aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa. Fyrir þá báta sem ekki hljóta kvóta vegna rækjubrests er mjög erfitt að safna upp löndunarreynslu og því er lagt til að sá hluti byggðakvótans sem b.liður nær yfir verði að lágmarki veitt 10 tonnum á hvern bát og því sem eftir stendur úthlutað út frá löndunarreynslu.

II. 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Rökstuðningur er sá að í byggðarlaginu er engin fiskvinnsla.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Áfast er eyðublað ráðuneytisins þar sem sérreglurnar sem fram koma í bókuninni eru settar fram.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Sveitarstjóri
Sími: 455 2400
www.hunathing.is (<http://www.hunathing.is/>)



Hvammstangabraut 5
530 Hvammstanga

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar. Ef þú ert ekki réttur viðtakandi, er þess óskað að þú gætir fyllsta trúnaðar og leyndar, hvorki lesir, skráir, afritir né notfærir þér tölvupóstinn á nokkurn hátt, eins og þér er skyld skv. 5. mgr. 47. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Jafnframt er farið fram á að þú tilkynnir til sendanda um móttöku tölvupóstsins eins fljótt og verða má, með því að endursenda tölvupóstinn eða með sjálfstæðum tölvupósti. Loks er þess óskað að þú eyðir tölvupósti þessum, viðhengjum hans og afritum ef um þau er að ræða.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

Viðhengi

Húnaþing vestra sérreglur byggðakvóta 20232024 samp sveitarstjórn 14. des 2023.pdf (18 KB)